



ELDRI BORGARAR

Þann 30. mars kl. 16:00 er sýning á Brúðkaupinu austur á Breiðumýri. Farið verður í rútu í boði sveitarfélagsins. Þeir sem áhuga hafa á því að taka þátt í hópferð láti vita í síma 849-5871.

FRÁ ÁLFABORG

Við krummarnir höfum verið að vinna með tæknina og vísindin undanfarið. Við höfum gert tilraunir með stöðurafmagn og ýmiskonar efnafræðiblöndur. Þetta hefur vakið okkur til umhugsunar og við haft gaman af. Einnig höfum við verið að reyna að finna upp eitthvað nýtt og gagnlegt eins og vélmenni sem þrífur og bökunarvél sem gerir kókukarla. Eftir að hafa gert teikningar af þessum uppfinningum þá höfum við reynt að smíða módel af þeim út legó.

Í efnafræðinni höfum við líka blandað saman efnum, mælt og vegið í eldhúsinu og þannig gert gómsætar Kókosgaldrakúlur sem við ætlum að bjóða upp á í afmælisveislu Álfaborgar þann 15. mars.

Í næstu viku förum við svo að snúa okkur að vorinu og páskaföndrinu.

Dilla og krummarnir í Álfaborg

NÆSTU RUSLADAGAR

21. mars	-	Gráa / brúna tunnan
28. mars	-	Græna tunnan
4. apríl	-	Gráa / brúna tunnan
17. apríl	-	Gráa / brúna tunnan

Ströndungur kemur næst út miðvikudaginn 17. apríl.

Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 mánudaginn 15. apríl.


ÚTISKÓLI HJÁ 3.-4. BEKK 15. MARS

Í útiskólanum fórum við í fjöruna. Þar sáuðum við að tjaldurinn er mættur. Við gerðum listaverk og fundum skeljar, kuðunga og fleira.



TÆKNI DAGAR

Á tæknidögnum fórum við á fullt af stöðvum og lærðum mikið af rafmagns tækjum en skemtilegasta sem ég gerði var Bloklxels. Og nú kemur saga um Grænegg. Við fórum í heimsókn í Grænegg á einum af tæknidögnum og þar skoðuðum við hænur og egg. Egginn voru færð á færiband og hænurnar voru í einum risa stóru húsi og. Svo voru eggin þvegin og þurrkuð og svo eru eggin skoðuð hvort þau væru brotin. Svo voru þau flokkuð eftir þyngd og þegar við vorum að fara heim í skóla þá máttum við taka eitt egg hver. Mér fanst geggjað gaman á tæknidögum.



Sólrún Assa Arnardóttir Keen 4. bekk